

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 7 500 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 23.5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 10. nóvember 1980, og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 396 6. ágúst 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING**um hækkun smásöluverðs raforku.**

Samkvæmt 25. og 62. gr. Orkulaga nr. 58 29. maí 1967 og 10. gr. laga um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1977 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrá (með síðari breytingum) eftirtalinna rafveitna frá og með 10. nóvember 1980.

Rafveita Akraness nr. 402 25. september 1979	5%
Rafveita Borgarness nr. 341 4. júlí 1980	5%
Orkubú Vestfjarða nr. 234 21. maí 1979	4.5%
Rafveita Sauðárkróks nr. 314 10. júní 1980	7.5%
Rafveita Siglufjarðar nr. 342 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Akureyrar nr. 319 10. júní 1980	5%
Rafveita Húsavíkur nr. 246 28. maí 1980	7.5%
Rafveita Reyðarfjarðar nr. 345 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Vestmannaeyja nr. 340 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Selfoss nr. 312 10. júní 1980	7.5%
Rafveita Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis nr. 316 10. júní 1980	7.5%
Rafveita Keflavíkur nr. 131 6. febrúar 1980	7.5%
Rafveita Miðneshrepps nr. 344 4. júlí 1980	7.5%

Rafveita Gerðahrepps nr. 138 6. febrúar 1980	7.5%
Rafveita Grindavíkur nr. 343 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Njarðvíkur, Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps nr. 230 15. maí 1980	7.5%

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1977 hefur ráðuneytið staðfest 4.5% hækkun á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979 með síðari breytingum frá og með 10. nóvember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.